

Að svo vöxnu máli verður krafa stefnda ekki tekin til greina, sbr. 2. mgr. 183. gr. laga nr. 85/1936.

Málskostnaður verður ekki dæmdur.

**Ályktarorð:**

Krafa stefnda, G. Albertsson, útflutningsverzlunar og vörumiðlunar, er ekki tekin til greina.

**Þriðjudaginn 27. maí 1980.**

**Nr. 191/1979. Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson, settur vara-  
ríkissaksóknari)

gegn

**Friðrik Björnssyni og  
Árna Péturssyni Lund**

(Gunnlaugur Þórðarson hrl.).

Ómerking. Heimvísun. Sératkvæði.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð ný gögn.

Rannsókn máls þessa og dómprófum er áfátt í ýmsum greinum:

- 1) Ákærðu komu saman fyrir dóm 11. maí 1977, en eigi hvor í sínu lagi, svo sem skylt var samkvæmt 4. mgr. 77. gr., sbr. 4. mgr 40. gr. laga nr. 74/1974. Ekki er skráð í þingbók, að athygli þeirra hafi verið vakin á rétti þeirra samkvæmt 2. mgr. nefndrar 77. gr. Eigi voru þeir yfirheyrðir sjálfstætt um málavöxtu í þinghaldi

Þessu, svo sem vera bar samkvæmt 1. mgr. sömu grein-  
ar. Var ekki úr þessu bætt á dómþingi því, sem háð var  
við Þverfell á Axarfjarðarheiði 11. október 1978. Bar  
naudsýn til, að ákærðu væru yfirheyrðir sjálfstætt og  
hvor í sínu lagi um stað þann, þar sem að þeim var kom-  
ið, um atferli þeirra þar, um það, við hvað þeir studdu  
þá fullyrðingu, sem eftir þeim er höfð í lögregluskýrslu,  
að þeir þyrftu ekki leyfi til veiða á þeim stað, svo og  
hvort þeir hafi talið sig vera utan eða innan skráðra  
landamerkjia lögbýla.

- 2) Þórarinn Björnsson, bóndi í Sandfellshaga, hefur ekki  
verið sjálfstætt yfirheyrður um stað þann, sem ákærðu  
voru staddir á hinn 30. október 1977, og um atferli þeirra  
þar. Eigi hefur hann heldur verið yfirheyrður um landar-  
eign Sandfellshaga og um skiptingu lands jarðarinnar  
í heimaland og afréttarland og um nytjar annarra en  
ábúanda af afréttarlandi.
- 3) Stefán Tryggvason lögregluvarðstjóri hefur ekki kom-  
ið fyrir dóm til að bera vætti í málinu.
- 4) Ákærðu voru ekki kynnt þau sakargögn, sem lögð voru  
fram í sakadómi Þingeyjarsýslu í máli þeirra hinn 16.  
október 1978.

Vegna þessara galla á rannsókninni og dómprófunum verð-  
ur að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í  
hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Eftir þessum úrslitum ber að leggja allan áfrýjunarkostnað  
sakarinnar á ríkissjóð, þar með talin laun skipaðs verjanda  
ákærðu fyrir Hæstarétti, 150.000 krónur.

#### D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er mál-  
inu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dóms-  
álagningar að nýju.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkis-  
sjóði, þar með talin laun skipaðs verjanda ákærðu, Gunn-  
laugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, 150.000 krónur.

## S é r a t k v æ ð i

## Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

## I.

Eg er sammála meiri hluta dómenda um það, að rannsókn málsins sé svo áfátt í ýmsum greinum, að ómerkja beri hinn afryjaða dóm.

## II.

Auk þess, sem greinir í dómsatkvæði meiri hluta, tel ég eftirgreinda galla vera á rannsókn máls og ákæru, en allt þetta tel ég, að leiða eigi einnig til frávísunar ákæru frá héraðsdómi.

1. Ekki verður séð af skjölum málsins eða endurritum dómprófa, að ákærðu hafi gengist við því, að þeir hafi annar hvor eða báðir verið að rjúpnaveiðum laugardaginn 30. október 1976 í svonefndum Sauðafellsmúla á Öxarfjarðarheiði, en það er þeim gefið að sök í ákæruskjali, enda verður ekki séð, að þeir hafi verið um það spurðir. Ekki verður heldur séð, að ákærðu hafi játað rjúpnaveiðar á þessum tíma á neinum þeim stöðum öðrum, sem nefndir hafa verið sem brotsstaðir, svo sem greinir hér á eftir.

Í sakadómi Þingeyjarsýslu hinn 11. maí 1977 var kærðu kynnt lögregluskýrsla frá 30. október 1976, þar sem segir, að þeir hafi viðurkennt að hafa verið að skjóta rjúpur í Sandfelli á þeim degi, sem lögregluskýrslan er gerð. Þeir tjá sig ekki um efni skýrslunnar að öðru leyti en því, að þeir hafi þá hitt Stefán Tryggvason lögregluþjón og Þórarín Björns-son, Sandfelloshaga, í Sauðafelli, sem sé langt frá Sandfelli, sem nefnt sé í skýrslunni. Í þessu þinghaldi býður dómari sakborningum dómssáttir „fyrir að hafa í óleyfi verið við rjúpnaveiðar í Sauðafelli“.

2. Ekki verður séð, að sakborningum hafi verið gerð grein fyrir réttarstöðu þeirra samkv. 1. mgr. 40. gr. eða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974.

3. Svo sem greinir í atkvæði meiri hluta, voru 2 þar tilgreindir menn, kærandi og lögreglumaður, ekki yfirheyrðir

sem vitni í málinu. Ekki verður séð af gögnum málsins, að aðrir geti borið um málið sem vitni, enda engar vitnaskýrslur teknar. Verður því ekki séð, að nægilegra sönnunargagna hafi verið aflað, til þess að ákæra eða dómur yrði byggð á.

4. Í ákæru, sem gefin er út af ríkissaksóknara 15. ágúst 1977, eru ákærðu ákærðir fyrir „brot gegn 2. gr., sbr. 37. gr. laga nr. 36/1966 um fuglaveiðar og fuglafríðun með því að hafa laugardaginn 30. október 1976 verið að rjúpnaveiðum í svonefndum Sauðafellsmúla á Öxarfjarðarheiði . . .“ Er í ákæruskjali komin ný staðsetning meints brotsstaðar, sem ekki verður séð af skjölum eða dómprófum, að eigi sér nokkra stoð í rannsókn málsins.

5. Vegna ósamræmis um staðsetningu, sem rannsóknardómari taldi vera í framburðum ákærðu og kæranda, endurupptók hann málið eftir dómtöku þess og háði dómþing í sakadómi Þingeyjarsýslu við Þverfell á Öxarfjarðarheiði hinn 11. október 1978. Bókun í þingbók er svohljóðandi: „Fyrir dóminn er mættur Þórarinn Björnsson, Sandfellshaga, Öxarfirði, Árni Pétursson og Friðrik Björnsson, Raufarhöfn.

Dómari lætur þess getið, að vegna ósamræmis um staðsetningu í framburðum ákærðu og kæranda hafi verið nauðsynlegt að endurupptaka málið og fara á vettvang til nánari rannsóknar.

Eftir að hafa farið á stað þann, sem ákærðu voru teknir, og athugað nánar þá staðsetningu á korti Landmælinga Íslands, verða aðilar sammála um, að staður sá er á svæðinu milli Þverfells og Sauðafellsmúla, sem er innan landamerkjja Sandfellshaga skv. landamerkjaskrá“.

Er hér komin enn ný staðsetning á meintum brotsstað, hin fjórða í röðinni.

Í bréfi ríkissaksóknara til sýslumanns Þingeyjarsýslu frá 22. janúar 1980, segir m. a. svo: „ . . . hvort staður sá í landi jarðarinnar Sandfellshaga í Öxarfjarðarhreppi, við svonefnt Sandfell, á milli Þverfells og Sauðanesmúla (sic), þar sem ákærðu voru teknir við rjúpnaveiðar laugardaginn 30. október 1976, teljast til heimalands . . .“. Bréfi þessu svarar rannsóknardómari hinn 21. febrúar 1980 og tekur upp í svar-

bréf sitt staðsetninguna úr bréfi ríkissaksóknara „ . . . við svonefnt Sandfell á milli Þverfells og Sauðafellsmúla . . .“ án athugasemda. Er hér komin enn ný staðsetning meints brotsstaðar, allt önnur en í ákæru greinir, þ. e. örnefni það, sem greint er í upphaflegri lögregluskýrslu að viðbætti staðsetningu þeirri, sem segir, að aðiljar (sic) hafi orðið sam-mála um í þinghaldinu við Þverfell hinn 11. október 1978. Á uppdrætti Landmælinga Íslands, sem lagður var fram í sakadómsmálinu sem nr. VI, er örnefnið Sauðafell alllangt utan þess svæðis, sem markað var sem land jarðarinnar Sandfellshaga, og örnefnið Sandfell sést aðeins á einum stað, nálægt bænum Sandfellshaga og víðs fjarri línu, sem dregin er milli Þverfells og Sauðafellsmúla.

### III.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið hér að framan, er ákæra í máli þessu reist á rannsókn, sem fullnægði ekki, eins og á stóð, skilyrðum laga til málshöfðunar, sbr. 1. mgr. 115. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974, sbr. 19. gr. laga nr. 107/1976, og ákæra að því er brotsstað varðar ekki í samræmi við gögn máls, er hún var út gefin.

Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa ákærunni frá héraðsdómi.

Sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin talsmannslaun verjanda ákærðu fyrir Hæstarétti, 200.000 krónur.

### D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er ákæru í málinu vísað frá héraðsdómi.

Sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun verjanda ákærðu fyrir Hæstarétti, Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, 200.000 krónur.

**Dómur sakadóms Þingeyjarsýslu og Húsavíkur 17. október 1978.**

Ár 1978, þriðjudaginn 17. október, var í sakadómi Þingeyjarsýslu og Húsavíkur, sem haldinn var í skrifstofu embættisins

í Húsavík, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 585-586/1976: Ákærvaldið gegn Friðrik Björnssyni og Árna Péturssyni Lund, sem dómtekið var 11. þ. m.

Mál þetta er höfðað samkvæmt ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 15. ágúst 1977, gegn Friðrik Björnssyni, Vogsholti 5, Raufarhöfn, og Árna Péturssyni Lund, Vogsholti 9, Raufarhöfn, fyrir brot gegn 2. gr., sbr. 37. gr. laga nr. 33/1966 um fuglaveiðar og fuglafriðun með því að hafa laugardaginn 30. okt. 1976 verið að rjúpnaveiðum í svonefndum Sauðafellsmúla á Öxarfjarðarheiði í landi jarðarinnar Sandfellshaga í Öxarfirði.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Við rannsókn málsins kom fram ósamræmi í framburðum hinna ákærðu annars vegar og skýrslu lögreglu hins vegar um stað þann, er ákærðu voru teknir að hinum meintu ólöglegu veiðum, eins og fram kemur í skjölum málsins. Þótti því vera nauðsynlegt að fara á staðinn og samprófa aðilja. Var það gert hinn 11. október 1978, og kom aðiljum saman um, að staðurinn væri á svæði milli Þverfells og Sauðafellsmúla á Öxarfjarðarheiði, og er það svæði í landi Sandfellshaga, samanber endurrit af landamerkjaskrá á dómskjali nr. V og ljósrit af korti Landmælinga Íslands nr. 7 á dómskjali nr. VI.

Ákærði Friðrik Björnsson er fæddur 1. maí 1943 á Raufarhöfn og hefur sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

1963 5/5 í Vestmannaeyjum: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengisлага.

Ákærði Árni Pétursson Lund er fæddur 28. október 1938 á Þórshöfn á Langanesi og hefur sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

1957 18/12 á Akureyri: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1958 19/9 í Þingeyjarsýslu: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri og brot á 231. gr. hegningarlaga.

1960 30/1 í Vestmannaeyjum: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.

1960 29/4 í Vestmannaeyjum: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun.

1961 6/7 í Þingeyjarsýslu: Sátt, 600 kr. sekt og skaðabætur kr. 3.250 fyrir brot gegn 217. gr., 231. gr. og 233. gr. hegningarlaga og 21., sbr. 44. gr. áfengisлага.

1963 25/7 í Þingeyjarsýslu: Dómur: Fangelsti í 4 vikur, skil-

orðsbundið í 2 ár, fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.

1963 18/7 í Þingeyjarsýslu: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr., sbr. 44. gr. áfengislaga.

1964 24/1 í Vestmannaeyjum: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1964 27/3 í Vestmannaeyjum: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1965 20/4 í Þingeyjarsýslu: Dómur: 9.000 kr. sekt, sviptur ökuleyfi ævilangt, fyrir brot gegn 215. gr. hegningarlaga, 1. mgr. 26. gr. umferðarlaga.

1965 8/6 í Þingeyjarsýslu: Sátt, 1.500 kr. sekt fyrir brot gegn 217. gr. hegningarlaga og 21. gr. áfengislaga. Greiði skaðabætur kr. 6.000.

1968 21/6 í Reykjavík: Veitt ökuleyfi á ný.

1968 15/10 í Þingeyjarsýslu: Sátt, 300 kr. sekt fyrir ölvun.

1970 8/7 í Þingeyjarsýslu: Sátt, 500 kr. sekt fyrir ölvun.

Málavextir eru sem hér greinir:

Um kl. 1230, laugardaginn 30. okt. 1976 hringdi Þórarinn Björnsson, bóndi í Sandfellshaga í Öxarfirði, í Stefán Tryggvason, lögregluvarðstjóra á Raufarhöfn, og bað um aðstoð vegna rjúpnaskyttna, er væru að veiðum í landi hans þrátt fyrir auglýst bann við rjúpnaveiði.

Lögregluvarðstjórinn fór á staðinn og hitti þar Þórarin bónda, og fóru þeir saman að svonefndu Þverfelli og hittu þar tvær rjúpnaskyttur, sem voru ákærðu í máli þessu.

Viðurkenndu ákærðu að hafa verið að rjúpnaveiðum og einnig að vita um auglýst bann sýslumanns í Þingeyjarsýslu við rjúpnaveiði þarna, en kváðust jafnframt álíta, að þeir væru þarna í almenningi, þar sem ekki þyrfti sérstakt leyfi til veiða.

Í sakadómi Þingeyjarsýslu og Húsavíkur, sem haldinn var í Félagsheimilinu Hnitbjörgum á Raufarhöfn hinn 18. maí 1977, neituðu báðir ákærðu að ljúka málinu með dómssátt og kváðust vilja fá skorið úr um rétt sinn eða órétt til veiða, með dómi.

Í 2. mgr. 5. gr. laga nr. 33/1966 um fuglaveiðar og fuglafriðun er kveðið á um, að öllum íslenskum ríkisborgurum séu fuglaveiðar heimilar á afréttum og almenningum utan landareigna lögbýla, enda geti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra.

Í því tilviki, sem hér greinir, kemur skýrt fram, að svæði það, sem ákærðu voru teknir á, er innan landamerkja Sandfellshaga,

sbr. dómskjöl nr. V og VI, og verður því staðhæfing ákærðu um, að þeir væru í landi, þar sem ekki þyrfti leyfi til veiða, ekki tek-in til greina.

Verður því að telja með tilliti til skýrslu lögreglu og fram-burða ákærðu sjálfra, að þeir hafi gerst brotlegir við þær laga-greinar, sem í ákæru greinir og að framan eru skráðar, og ber því að ákvarða þeim refsingu samkvæmt því.

Þykir refsing hinna ákærðu hvors um sig hæfilega ákveðin sekt, kr. 7.000, til ríkissjóðs.

Enn fremur ber ákærðu að greiða allan sakarkostnað.

Adólf Adólfsson fulltrúi kvað upp dóm þennan.

#### Dómsorð:

Ákærði Friðrik Björnsson greiði kr. 7.000 í sekt til ríkis-sjóðs innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, ella komi 2 daga varðhald í staðinn.

Ákærði Árni Pétursson Lund greiði kr. 7.000 í sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, ella komi 2 daga varðhald í staðinn.

Ákærðu greiði in solidum allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 30. maí 1980.

Nr. 75/1980. **Kristján Júlíusson**  
 gegn  
**Skúla Thoroddsen**  
**Ingibjörgu Einarsdóttur og**  
**Halldóru Gísladóttur.**

Kærumál. Frávísunardómur að hluta úr gildi felldur.

#### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Benedikt Sigur-jónsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í b lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með